

Aðalfundur Foreldrafélags Naustaskóla 13. September 2010

Dagskrá:

1. Kosning fundastjóra og fundaritarara
2. Ávarp skólastjóra
3. Almennt um foreldrastarf og kynning á mentor fyrir foreldra
4. Venjuleg aðalfundarstörf, kjör fulltrúa foreldra í stjórn foreldrafélags og skólaráð, tilnefning bekkjarfulltrúa.
5. Kynning á foreldrasáttmála Heimilis og skóla
6. Umræður og hugmyndir foreldra
7. Fundarslit

1. Vaka Óttarsdóttir setti fundinn og lagði til að Ágúst skólastjóri yrði fundastjóri og Erla Rán ritari. Engar athugasemdir gerðar. Á fundinn voru mættir um 80 foreldrar.

2. Ágúst ræddi um foreldrastarf við skólann og hugmyndir þar að lútandi. Sagði m.a. að hugmyndin væri að aðalfundur Foreldrafélagsins væri vettvangur til að hefja foreldrasamstarfið á haustinn og hann nýttur til að leggja á ráðin í félagslífi nemenda og samstarfi fyrir veturinn.

Ágúst kynnti foreldranámskeið fyrir foreldra barna í 1. bekk

3. Vaka fór í gegnum niðurstöður íslenskra rannsókna sem sýna fram á hversu jákvætt og mikilvægt gott samstarf á milli heimila og skóla er. Samstarf milli foreldra innan bekkja skiptir líka miklu máli og því mikilvægt að foreldra gefi sér tíma í bekkjarstarf.

Vaka kynnti fjölskylduvef Mentors og benti á nokkur góð atriði fyrir foreldra.

4. Ásdís las ársskýrslu Foreldrafélagsins, skýrslan var borin undir fundarmenn og samþykkt með lófataki.

Jón Stefán fór yfir rekstraryfirlit síðasta árs og bað um tillögu um árgjald. Lagt var til að árgjaldið yrði áfram 2000kr. á heimili. Árgjald borið upp og samþykkt einróma. Jón Stefán svaraði fyrirspurn um af hverju reikningar væru ekki sendir heim eða í heimabanka en það er ekki gert vegna kostnaðar.

Tveir skoðunarmenn reikninga kjörnir einróma:

Halla Halldórsdóttir

Hjálmar Hauksson

Framboð í stjórn voru ekki fleiri en svo að allir sem buðu sig fram voru kjörnir í stjórn.

Stjórn:

Vaka Óttarsdóttir

Ásdís Arnardóttir

Erla Rán Kjartansdóttir
Höskuldur Jóhannesson
Ingveldur Sturludóttir

Varamenn:

Ásmundur Einarsson
Sigríður Ingólfssdóttir

Bekkjargulltrúar verða kynntir síðar, ákveðið að auglýsa eftir fleiri til þeirra starfa.

Ágúst kynnti störf skólaráðs og Jón Stefán fór yfir fundarefni vetrarins hjá skólaráði. Jón Stefán var tengiliður foreldrafélagsins við skólaráð en þar sem hann lætur af störfum þarf að kjósa nýjan tengilið. Vaka Óttarsdóttir var kjörin einróma.

Ágúst bar upp breytingartillögu á grein 6 í lögum foreldrafélags Naustaskóla um að aðalfundur yrði að hausti en ekki í maí eins og lögin sögðu til um. Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta, einn greiddi atkvæði á móti. Hér eftir verður aðalfundur haldinn að hausti. 6. grein laganna er þá svohljóðandi:

"Aðalfundur skal haldinn í september ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við skólaráð með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning formanns Foreldrafélagsins og annarra stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Skýrsla skólaráðs (fulltrúa foreldra)
- Kosning fulltrúa í skólaráð
- Önnur mál"

5. Ágúst kynnti foreldrasáttmála Heimila og skóla sem er hugsaður sem styrking fyrir foreldra í uppeldi barna sinna. Foreldrar samræma reglur og skuldbinda sig til að fara eftir þeim. Í Naustaskóla verða tveir sáttmálar, einn fyrir 1. – 7. bekk og annar fyrir 8. bekk. Önnur kynning verður síðar í vetur. Engar athugasemdir.

6. Almennar umræður um mötuneytismál. Ágúst segir ýmsa byrjunarörðugleika hafa verið en unnið sé hörðum höndum að laga þá.

7. Fundarmenn ræddu saman í hópum um hvað gengi vel og hvað illa í skólasterfinu. Niðurstöðum hópa var komið til nýrrar stjórnar Foreldrafélagsins til úrvinnslu.

Fundarslit kl. 21.45 Erla Rán Kjartansdóttir ritaði fundargerð.